

Mánudaginn 10. apríl 1972.

Nr. 41/1972. **Jón Edwald Ragnarsson**
 gegn
Lögreglustjóranum í Reykjavík og
Yfirborgarféðgetanum í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Edwald Ragnarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 12. apríl 1972.

Nr. 92/1971. **M** (Ingi Ingimundarson hrl.)
 gegn
K (Jóhann Steinason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. s. m. Krefst hann þess aðallega, að héraðsdómurinn verði ómerktur. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda og til þrautavara, að úrslit málsins verði látin velta á synjunareiði hans. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-

kostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en stefndi fékk gjafvarnarleyfi hér fyrir dómi 16. febrúar 1972.

Af skjölum málsins verður ekki séð, að sátta hafi verið leitað með aðiljum, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1936, og komu þau þó bæði sjálf fyrir dóm til samprófunar á aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 14. janúar 1971. Auk þess er rannsókn málsins í héraði ekki svo ítarleg sem skyldi. Nauðsyn ber til að yfirheyra stjúpfoður stefnda um, hvort hann minnst þess að hafa leitað hennar að kvöldi til eða um miðnætti í septembermánuði 1968, er hún hafði ekki komið heim til sín að aflokinni sjónvarpsdagskrá, eins og stefndi hefur borið, svo og annað heimilisfólk hennar.

Þá ber að afla og leggja fram endurrit úr dagbók m/b Íslendings, SH 90, sem áfrýjandi var skipverji á, um komu bátsins til Ólafsvíkur eða Grundarfjarðar og viðdvöl hans þar í septembermánuði 1968 og svo önnur gögn um, hvenær í þessum mánuði báturinn lagði upp afla sinn.

Af framangreindum ástæðum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til framhaldsrannsóknar um greind atriði og önnur þau atriði, sem framhaldsrannsóknin kann að gefa efni til, og til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafvarnarkostnaður stefnda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar hér fyrir dómi, kr. 10.000.00.

Það athugast, að í ljósmóðurvottorði um fæðingu barns stefnda er áfrýjandi sagður faðir þess, og samkvæmt gögn-um málsins er hann skráður faðir barnsins í prestspjónustubók, hvort tveggja eftir einhliða skýrslu stefnda og að áfrýjanda fornspurðum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til framhaldsrannsóknar um framan-

greind atriði og löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafvarnarkostnaður stefnda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, Jóhanns Steinasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dómur aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 25. febrúar 1971.

Ár 1971, fimmtudaginn 25. febrúar, var í aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, sem háð var í hreppsskrifstofunni, Grundarfirði, af Eggerti Óskarssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 3/1970: K gegn M, sem tekið var til dóms þann 23. febrúar 1971.

Sóknaraðili máls þessa, K, til heimilis að ..., Grundarfirði, fædd 24. september 1953, ól þann 14. júní 1969 sveinbarn, sem í skírninni hlaut nafnið B. Föður að barni þessu hefur hún lýst M sjómann, ..., Grundarfirði, fæddan 7. september 1950, en hann hefur ekki viljað við faðernið kannast, og hefur sóknaraðili því höfðað mál gegn honum.

Hún hefur krafizt þess fyrir dómi, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjöld hennar fyrir árið 1969, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Til vara hefur hún krafizt fyllingareiðs. Þá krefst hún málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili, M, hefur krafizt þess fyrir dómi, að hann verði sýknaður af kröfu sóknaraðilja, en til vara krefst hann synjunareiðs. Einnig krefst hann málskostnaðar að skaðlausu úr hendi sóknaraðilja.

Sóknaraðili hefur skýrt svo frá, að hún hafi þekkt varnaraðilja, frá því hún var lítil, og léku þau sér saman sem börn. Kvaðst hún hafa haft samfarir við varnaraðilja í eitt skipti og hafi það átt sér stað í byrjun september 1968.

Um aðdragandann skýrði hún svo frá, að hún hafi verið vön að fara heim til varnaraðilja og fengið að horfa á sjónvarp, en

varnaraðili eigi heima rétt hjá sér og móðir hans systir stjúpa hennar.

Sóknaraðili kvaðst hafa verið kvöld eitt í byrjun september 1968, þann 5. eða 6. að því er hún telur, á heimili varnaraðilja og horft þar á sjónvarp og hafi varnaraðili þá verið heima. Þegar sjónvarpsdagskránni var lokið, um kl. 2300, kvaðst sóknaraðili hafa farið út, og kom varnaraðili með henni. Kvaðst hún hafa ætlað beint heim, en varnaraðili hafi beðið sig að koma með sér niður í hlöðu, sem þar var skammt frá. Hún kvaðst ekki hafa viljað það í fyrstu, en látið tilleiðast og hafi farið með honum í hlöðuna, þar sem þau hafi haft samfarir saman. Voru ekki við samfarirnar gerðar tilraunir til að hindra getnað. Sóknaraðili kveður barn sitt getið við samfarir þessar, þetta sé í eina skiptið, sem hún hafi haft samfarir við varnaraðilja, og hún staðhæfir, að hún hafi ekki haft samfarir við neina aðra karlmenn á árinu 1968. Sóknaraðili kvaðst síðast hafa haft á klæðum, áður en hún varð ófrísk, um mánaðamótin ágúst—september 1968. Hún kvaðst hafa haft reglulegar tíðir.

Varnaraðili kvað það rétt vera, að sóknaraðili og hann hafi þekkt, frá því að þau voru börn, og oft leikið sér saman. Varnaraðili hefur eindregið neitað því, að hann geti verið faðir að barni sóknaraðilja. Kveðst hann aldrei hafa haft samfarir við hana og staðhæfir, að það séu ósannindi, að þau hafi haft samfarir í hlöðu í Grundarfirði, eins og sóknaraðili hefur haldið fram. Varnaraðili hefur ekki mótmælt því, að sóknaraðili hafi stundum komið á heimili sitt til að horfa á sjónvarp, en hefur hins vegar þvertekið fyrir það að hafa beðið hana að koma með sér í fyrrnefnda hlöðu eða hafa haft við hana samfarir þar.

Varnaraðili hefur skýrt frá því, að í september 1968 hafi hann verið á m/b Íslendingi, SH 90, og þann 6. september þ. á. kvaðst hann hafa komið úr tveggja og hálfs sólarhrings róðri. Hann kvaðst hafa verið í landi til 8. september og hafi hann ekki hitt sóknaraðilja á þeim tíma. Varnaraðili benti á tvo menn, sem hann hafi heyrt orðróm um, að gætu komið til greina sem feður að barni sóknaraðilja.

Menn þessir komu fyrir dóm og neituðu því að hafa nokkurn tíma haft samfarir við sóknaraðilja, og sjálf hefur hún haldið því fram, að hún hafi ekki haft kynmök við þá.

Blóðflokkarannsókn var framkvæmd á málsaðiljum, barninu og mönnum þeim, sem varnaraðili tilnefndi, og eru niðurstöður sem hér segir:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c	e
Sóknaraðili	A ₂	Mss	+	+	÷	÷	+
Barnið	A ₂	MS	+	+	÷	÷	+
Varnaraðili	O	MS	+	+	÷	÷	+
D	O	Nss	+	+	÷	+	+
E	O	Mss	+	+	+	+	+

Samkvæmt þessari niðurstöðu er ekki unnt að útiloka varnaraðilja frá faðerninu, en D og E geta hvorugur verið faðir að barni sóknaraðilja, þar eð eiginleikinn S, sem finnst í blóði barnsins, er hvorki fyrir hendi í blóði móður þess né þessara manna.

Barn sóknaraðilja var við fæðingu 3.900 gr. að þyngd og 50 cm að lengd.

Leitað var umsagnar héraðslæknisins í Stykkishólmi um það, hvenær barnið geti verið komið undir. Segir svo í umsögn hans:

„Umrætt barn fæddist á St. Franciskus-spítalanum í Stykkishólmi þ. 14. júní 1969. Fæðingarþyngd þess var 3900 grömm og lengd við fæðingu 50 cm. Í bókun spítalans er barnið talið fullburða, enda bendi lengd þess og þyngd til þess. Ekki er heldur talin nein einkenni þess, að það sé fætt eftir eðlilegan tíma.

Hugsanleg takmörk meðgöngutíma fullburða barns post conceptionem eru talin stytzt 229 dagar og lengst 323 dagar, en venjulegust lengd meðgöngutíma því sem næst 280 dagar. Samkvæmt því ætti mögulegur getnaðartími að vera á tímabilinu frá 9. júlí til 27. október 1968. Líklegasti getnaðartími samkvæmt venjulegum útreikningi á meðgöngutíma ætti hins vegar að vera frá 14. sept. til 28. sept. s. á. Þyngd barnsins, sem er rífleg meðalþyngd, bendir frekar á langan meðgöngutíma“.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, hefur varnaraðili neitað því að hafa haft samfarir við sóknaraðilja á getnaðartíma barns hennar. Hefur því eigi fengizt lögfull sönnun fyrir samförum þeirra á þessu tímabili, svo að málsúrslit verða að velta á eiði, sbr. 213. gr. laga nr. 85/1936. Með hliðsjón af málavöxtum verður að telja málstað sóknaraðilja líklegri, og ber því í samræmi við nefnda lagagrein að láta málsúrslit velta á fyllingareiði hennar, þannig að vinni hún eið að því innan 2 mánaða frá birtingu dóms þessa á löglegu varnarþingi sínu, að hún hafi á tímabilinu frá og með 9. júlí 1968 til og með 28. október 1968 einungis haft holdlegar samfarir við varnaraðilja, skal hann teljast faðir sveinbarns þess, er hún ól þann 14. júní 1969 og skírt var B, enda greiði hann þá með því meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16

ára aldurs svo og fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjöld hennar fyrir árið 1969, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Ef sóknaraðili vinnur eiðinn, skal varnaraðili greiða allan málskostnað.

Verði sóknaraðilja eiðfall, á varnaraðili að vera sýkn af kröfum hennar í málinu, en málskostnaður skal falla niður.

Dómsorð:

Vinni sóknaraðili, K, innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa á löglegu varnarþingi sínu eið að því, að hún hafi á tímabilinu frá og með 9. júlí 1968 til 17. október 1968 einungis haft holdlegar samfarir við varnaraðilja, skal hann teljast faðir sveinbarns þess, er sóknaraðili ól þann 14. júní 1969 og skírt var B, og greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjöld hennar fyrir árið 1969, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Þá greiði varnaraðili kr. 6.620.00 í málskostnað til ríkissjóðs. Verði sóknaraðilja eiðfall, skal varnaraðili vera sýkn af kröfum hennar og falli málskostnaður niður.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 17. apríl 1972.

Nr. 114/1970. **Baldur Helgason** (Gísli G. Ísleifsson hrl.)
gegn

Hannesi Þorsteinssyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Lausafjárkaup. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júní 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. maí 1970.